

kostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 4. apríl 1977.

Nr. 110/1975. **Bjarni Helgason**
Björn Stefánsson
Hreggviður Jónsson
Jónatan Þórmundsson
Ólafur Ingólfsson
Stefán Skarphéðinsson
Unnar Stefánsson
Þorsteinn Sæmundsson
Þorvaldur Búason
Þór Vilhjálmsson
Ragnar Ingimarsson og
Valdimar J. Magnússon
 (Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
 gegn
Úlfari Þormóðssyni aðallega, en til vara
Svavari Gestssyni
 (Ingi R. Helgason hrl.).

Ærumeiðingar. Ómerking ummæla. Sýknað af kröfu um miskabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma sem varadómarar í Hæstarétti Halldór Þorbjörnsson yfirsakadómari, Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður, Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður, Unnsteinn Beck borgarfógeti og Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. september 1975 og gert þær dómkröfur:

1. að ummæli þau, sem stefnt er út af, verði dæmd dauð og ómerk,

2. að dæmd verði hæfileg refsins fyrir ummælin,

3. að hverjum áfrýjenda verði dæmdar úr hendi stefnda 100.000 kr. í miskabætur með 9% ársvöxtum frá 16. febrúar 1974 til greiðsludags,

4. að áfrýjendum verði sameiginlega dæmdar 25.000 kr. til að kosta birtingu forsendna og dómsorð væntanlegs dóms í máli þessu í opinberum blöðum,

5. að birtar verði forsendur væntanlegs dóms og dómsorð í 1. eða 2. tölublaði dagblaðsins Þjóðviljans, er út kemur eftir birtingu dómsins,

6. að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjendum sameiginlega hæfilegan málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefndu er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og stefndu tildæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Ummæli þau, sem stefna lýtur að, birtust í 15., 17. og 39. tölubl. dagblaðsins Þjóðviljans, er út komu 19. og 22. janúar og 16. febrúar 1974. Greinar þær, sem geyma ummælin, eru allar auðkenndar -úp, en frá nafni höfundar er ekki skýrt að öðru leyti. Samkvæmt hinn sérstöku ábyrgðarreglu 2. mgr. 15. gr. laga um prentrétt nr. 57/1956 ber höfundur því aðeins refs- og fébótaábyrgð á efni rits, að hann hafi nafngreint sig. Merkið -úp verður ekki talin næg nafngreining í skilningi nefnds lagaákvæðis, og skiptir hér ekki máli, þótt aðalstefndi, Úlfar Þormóðsson, sem starfaði á umræddu tímabili sem blaðamaður við Þjóðviljann, hafi í máli þessu lýst yfir því, að hann sé höfundur greinanna. Samkvæmt 3. mgr. 15. gr. laga 57/1956 verður ábyrgð á ummælunum því lögð á ritstjóra blaðsins, varastefnda Svavar Gestsson, en aðalstefndi verður sýknaður af kröfum áfrýjenda.

Hin átöldu ummæli eru rakin í héraðsdómi. Verður nú fjallað um ummælin og þau auðkennd á sama hátt og þar.

I.1. Af hálfu stefndu hefur því verið haldið fram, að ummæli þessi, „fallkandidatar“ og „bitlingameistarar“, taki ekki til áfrýjenda allra, heldur einungis sumra af þeim. Slíkt verð-

ur þó ekki ráðið af ummælunum né samhengi því, sem þau eru í. Ummæli þessi þykja vera móðgandi og varða við 234. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um ómerkingu þessara ummæla.

I.2. Orðið „mannvitsbrekka“ þykir hér vera notað í niðrandi merkingu og verður skv. 241. gr. alm. hegningarlaga ómerkt sem óviðurkvæmileg ummæli, en verður hins vegar ekki talið refsiverð móðgun.

I.3. Svo sem segir í héraðsdómi, hafa engar sönnur verið færðar á það, að tilgangur áfrýjenda hafi verið sá, sem í ummælum þessum segir, en fallast verður á, að opinberri gagnrýni í þjóðmálum væri of þröngur stakkur sniðinn, ef ummæli þessi ættu að teljast ærumeiðandi aðdróttun.

II.1.—4. Ummæli þessi fela að visu í sér ámæli um þá, sem tóku þátt í undirskriftasöfnuninni og frumherja hennar, en verða þó ekki talin fara svo út fyrir mörk leyfilegrar gagnrýni, að þau verði talin refsiverðar móðganir eða aðdróttanir. Niðurstaða héraðsdóms um ómerkingu ummæla samkvæmt þessum kafla stefnunnar staðfestist.

III. Í ummælum þeim, sem tilgreind eru í 1., 6. og 7. lið þessa kafla, kemur fram aðdróttun í garð áfrýjenda um stórfelldar persónunjósnir um íslenska ríkisborgara, skoðanir þeirra og athafnir. Í 6. lið er það einnig haft á orði, að „fagmenn frá Watergate“ kunni að eiga þar hlut að, sbr. hér enn fremur orðið „Watergate-víxillinn“ í 4. lið. Starfsemi áfrýjenda er þannig tengd alkunnu bandarísku hneykslismáli, sem mjög var í hámeði, er greinar þessar birtust. Engum stöðum hefur verið rennt undir aðdróttanir þessar, sem eru ærumeiðandi og refsiverðar skv. 235. gr. alm. hegningarlaga. Staðfesta ber þá niðurstöðu héraðsdóms, að önnur ummæli í þessum kafla teljist ekki refsiverðar ærumeiðingar, svo og niðurstöðu héraðsdóms um ómerkingu ummæla í 1., 4., 5., 6. og 7. lið þessa kafla.

Svo sem áður segir, ber varastefndi, Svavar Gestsson, refsíðabyrgð á ummælunum, og þykir refsing hæfilega ákveðin 20.000 króna sekt til ríkissjóðs. Vararefsing verður ekki

ákveðin, sbr. 53. gr. alm. hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga 101/1976.

Ummælum þeim, sem heimfærð eru til refsíákvæða, þ. e. liðir I.1, III 1, 4, 6 og 7, er öllum beint að áfrýjendum sameiginlega vegna forgöngu þeirra að undirskriftasöfnun „Varins lands“. Enda þótt refsa beri fyrir framangreind ummæli, þykja þau ekki eftir öllum atvikum fallin til þess að valda áfrýjendum slíkum miska, að bótaskyld sé samkvæmt 1. málsgrein 264. greinar laga nr. 19/1940.

Samkvæmt 2. mgr. 241. gr. alm. hegningarlaga þykir rétt að dæma varastefnda til þess að greiða áfrýjendum sameiginlega 25.000 kr. til að standa straum af kostnaði við birtingu forsendna og dómsorðs dóms þessa í opinberum blöðum.

Þá þykir skv. 2. mgr. 22. gr. laga 57/1956 rétt að skylda varastefnda til þess að birta dóm þennan í 1. eða 2. tölubl. Þjóðviljans, sem út kemur eftir að dómur er birtur.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma varastefnda til að greiða áfrýjendum sameiginlega 200.000 kr. í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, en rétt þykir, að málskostnaður að því er varðar aðalstefnda falli niður.

D ó m s o r ð :

Aðalstefndi, Úlfar Þormóðsson, skal vera sýkn af kröfum um áfrýjenda í máli þessu. Málskostnaður að því er hann varðar falli niður.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um ómerkingu ummæla skulu óröskuð.

Varastefndi, Svavar Gestsson, greiði 20.000 króna sekt til rikissjóðs.

Varastefndi skal vera sýkn af kröfum áfrýjenda um miskabætur.

Varastefndi greiði áfrýjendum sameiginlega 25.000 kr. til þess að kosta birtingu forsendna og dómsorð dóms þessa í opinberum blöðum.

Varastefndi skal birta dóm þennan í 1. eða 2. tölublaði Þjóðviljans, sem út kemur eftir birtingu dómsins.

Varastefndi greiði áfrýjendum sameiginlega 200.000 kr. í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

**Halldórs Þorbjörnssonar yfirsakadómarar og
Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns.**

Við erum sammála úrlausn meiri hluta dómenda nema að því er varðar skaðabótakröfuna, sbr. 3. lið kröfugerðar áfrýjenda.

Í ummælum þeim, sem greind eru í 1., 4., 6. og 7. lið III. kafla í héraðsstefnu, eru áfrýjendum bornar á brýn persónunjósnir og starfsemi þeirra tengd Watergate-málinu. Þetta orð hefur almennt verið látið tákna pólitíska starfsemi, þar sem notast er við glæpsamlegar aðferðir. Með því að tengja áfrýjendur Watergate-málinu þann veg, sem gert var, hefur verið vegið freklega að æru þeirra.

Eftir gildistöku laga nr. 19/1940 hefur í ærumeiðingarmálum myndast dómvenja fyrir því að dæma yfirleitt skaðabætur skv. 1. mgr. 264. gr. laga 19/1940, ef refsing hefur verið dæmd og bótakrafa verið höfð uppi.

Með hliðsjón af því, sem nú hefur verið rakið, þykja áfrýjendur skv. nefndri lagagrein eiga rétt á féggjaldi úr hendi varastefnda, Svavars Gestssonar, en þar eð meiri hluti dómenda hefur ekki fallist á bótakröfuna, verður fjárhæð bóta eigi ákveðin.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. júlí 1975.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 18. júní sl., hafa Bjarni Helgason jarðvegsfræðingur, Undralandi 2, Björn Stefánsson skrifstofustjóri, Grænuhlíð 13, Hreggviður Jónsson, Nesvegi 82, Jónatan Þórmundsson prófessor, Bræðraborgarstíg 15, Ól-

afur Ingólfsson, B.A., Öldugötu 5, Stefán Skarphéðinsson framkvæmdastjóri, Álfheimum 44, Unnar Stefánsson viðskiptafræðingur, Háaleitisbraut 45, Þorsteinn Sæmundsson stjarnfræðingur, Bólstaðarhlíð 14, Þorvaldur Búason eðlisfræðingur, Geitastekk 5, Þór Vilhjálmsson prófessor, Stigahlíð 73, allir í Reykjavík, og Ragnar Ingimarsson prófessor, Mávanesi 22, og Valdimar J. Magnússon framkvæmdastjóri, Garðaflöt 31, báðir í Garðahreppi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 20. júní 1974, *aðallega* gegn Úlfari Þormóðssyni, blaðamanni við dagblaðið Þjóðviljann, Æsufelli 2, Reykjavík, en *til vara* gegn Svavari Gestssyni, ritstjóra og ábyrgðarmanni sama blaðs, Brekkustíg 3 A, Reykjavík, vegna ummæla, sem birtust í greinum í 15., 17. og 39. tbl. Þjóðviljans 1974. Greinar þessar eru auðkenndar með upphafsstöfum í nafni aðalstefnda, og hefur hann í greinargerð gengist við höfundarábyrgð.

Í stefnu eru rakin ummæli þau, sem stefnt er út af. Þau eru þessi:

I.

Í 15. tbl., er út kom 19. janúar 1974. Grein á bls. 5, er ber yfirskriftina: „Horn í síðu“ og undirfyrirsögnina: „Sjálfbóðaliðar til sköffunar á aðhlátursefni“. Greinin er undirrituð —úp.

1. „..... fallkandidatar, bitlingameistarar“
2. „..... þessi hópur mannvitsbrekkna“
3. „..... Ætlunarverkið er sum sé það að safna meðal íslenskra borgara undirskriftum undir áskorun til ríkisstjórnarinnar um að hrófla ekki við hernum í Miðnesheiði og sjá reyndar til þess að hann verði þar um aldur og æfi (sic)“

II.

Í 17. tbl., er út kom 22. janúar 1974. Grein á bls. 3, er ber yfirsögnina: „Lengi getur vont versnað“. Greinin er undirrituð —úp.

1. „..... sú niðurlæging nóg fyrir íslenskt fólk að standa fyrir undirskriftasöfnun um ævarandi hersetu í landinu, þó ekki bættist önnur niðurlæging við hjá þeim sem fyrir þessu standa.....“
2. „..... hafi næsta ómálga börn verið send með Watergate-víxillinn milli íbúða, og væri sú svívirða öllu meiri að etja börnum út í slíkt og meiri niðurlæging en sjálf hin niðurlægjandi söfnun.....“

3. „..... gengið um meðal sjúklinga og beðið um uppáskrift á víxlinn“
4. „..... þykir fólki athafnasemi „landvarnarmanna“ með ein-
dæmum“.

III.

Í 39. tbl., er út kom 16. febrúar 1974. Grein á bls. 5, er ber yfirskriftina: „Mestu persónunjósni sem tíðkast hafa hérlandis“ og undirfyrirsögnina: „Landsmenn flokkaðir með tölvu af Vörðu landi“. Greinin er undirrituð —úp.

1. Aðalfyrirsögn greinarinnar: „Mestu persónunjósni sem tíðkast hafa hérlandis“.
2. Undirfyrirsögnina „Landsmenn flokkaðir með tölvu af Vörðu landi“.
3. „ nota tölvu til að skilja líklega uppáskrifendur frá ólíklegum.....“
4. „..... Watergate-víxillinn.....“
5. „... .. Landvarnarmenn hefðu fengið að öðrum kosti“
6. „..... á vegum landvarnarmanna færu nú fram víðtækustu persónunjósni sem fram hefðu farið hérlandis, og væri með ólíkindum að Íslendingar einir ættu hugmyndina að slíkum vinnubrögðum, heldur hlytu hér fagmenn frá Watergate að eiga sinn hlut að“.
7. „..... halda uppi njósnum um íslenska ríkisborgara, skoðanir þeirra og athafnir“

Stefnendur gera svofelldar dómkröfur:

„að framangreind ummæli verði dæmd dauð og ómerk skv. 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940.

að dæmd verði þyngsta refsing fyrir ummælin skv. 234.–236. gr. laga nr. 19/1940.

að stefnendum verði hverjum fyrir sig dæmdar kr. 100.000:00 í miskabætur skv. 1. mgr. 264. gr. laga 19/1940 með 9% ársvöxtum frá 16. febrúar 1974 til greiðsludags.

að stefnendum verði skv. 2. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940 dæmdar sameiginlega kr. 25.000:00 til að kosta birtingu forsendna og dómsorðs væntanlegs dóms í máli þessu í opinberum blöðum.

að stefnendum verði dæmdur sameiginlega hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnda að mati dómara“.

Að lokum er gerð sú krafa, að þeim sem dæmdur verði í mál-

inu til ábyrgðar, verði gert að sjá um skv. 22. gr. laga nr. 57/1956, að birtar verði forsendur og dómsorð væntanlegs dóms í málinu í 1. eða 2. tölublaði Þjóðviljans, er út kemur eftir birtinu dómsins.

Af hálfu stefnda, Úlfars Þormóðssonar, hefur verið sótt þing og þær kröfur gerðar í *fyrsta lagi*, að máli þessu verði vísað frá dómi með tilvísun til ákvæða 46. gr. laga um meðferð einkamála í héraði.

Fari svo, að frávísunarkrafan verði ekki tekin til greina, gerir hann í *öðru lagi* þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnenda í málinu.

Þá gerir hann kröfu til ríflegs málskostnaðar úr hendi stefnenda.

Þar sem aðalstefndi hefur gengist við höfundarábyrgð á umstefndum ummælum, er í greinargerð hans sagt, að ekki komi til álita „objectiv“ ábyrgð varastefnda. Engar kröfur eru gerðar af hálfu varastefnda, en fyrir hann er sótt þing.

Í þinghaldi þann 7. febrúar sl. var málið sótt og varið um frávísunarkröfu stefnda. Með úrskurði, dags. 17. febrúar 1975, var frávísunarkröfu stefnda hrundið.

II.

Stefnendur lýsa málavöxtum svo í stefnu:

„Um miðjan janúar 1974 efndu nokkrir Íslendingar til samvinnu undir kjörorðinu „VARIÐ LAND“. Áttu þarna hlut að allir stefnendur máls þessa, auk lögmannanna Harðar Einarssonar og Óttars Yngvasonar. Á vegum þessara manna var undirbúin söfnun undirskrifta til að mótmæla kröfum um uppsögn varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkja Norður-Ameríku og brottvísun varnarliðs af Íslandi. Var öllum íslenskum þegnum, er náðu tvítugs aldri 1. marz 1974, boðið að undirrita svohljóðandi yfirlýsingu.

„Við undirritaðir skorum á ríkisstjórn og Alþingi að standa vörð um öryggi og sjálfstæði íslenzku þjóðarinnar með því að treysta samstarfið innan Atlantshafsbandalagsins, en leggja á hilluna ótímabær áform um uppsögn varnarsamningsins við Bandaríkin og brottvísun varnarliðsins.“

Til að skipuleggja undirskriftasöfnunina var opnuð skrifstofa, þar sem kostur gafst á að undirrita yfirlýsinguna og fá undirskriftalista og upplýsingar. Þar var og tekið við fjárframlögum þeirra, er vildu taka þátt í kostnaði við rekstur skrifstofunnar.

Boðað var, að undirskriftasöfnunin mundi standa yfir til 20. febrúar 1974 og ætlunin væri, að áskorunin ásamt nöfnum áskorenda yrði afhent forsætisráðherra og forseta Sameinaðs Alþingis eigi síðar en 1. marz.

Helztu ástæður tilgreindar fyrir undirskriftasöfnuninni voru þessar:

„Við viljum, að Íslendingar taki áfram fullan þátt í samstarfi vestrænna lýðræðisþjóða, og er það undirstaða skoðana okkar á varnarmálum. Hér á landi þurfa að vera traustar varnir. Varnir landsins eru bæði beint í þágu Íslendinga, annarra þjóða við Norður-Atlantshaf, ekki sízt Norðmanna, og í þágu varnarsamtaka Vesturlanda, sem eru trygging þess, að Ísland haldi frelsi og sjálfstæði.

Varnarlaust Ísland myndi veikja stöðu vestrænna ríkja í tilraunum þeirra til að ná samningum um að draga úr vígbúnaði.

Nú er innan og utan ríkisstjórnar Íslands unnið af kappi að því, að varnarliðið fari úr landi, og sumir reyna jafnvel að koma fram úrsögn úr Atlantshafsbandalaginu.

Við teljum fulla ástæðu til, að fram komi, að íslenskur almenningur krefst þess, að við tökum áfram þátt í samstarfi innan Atlantshafsbandalagsins og álítur ótímabært að vísa varnarliðinu á brott“.

Árangur af frumkvæði forgöngumanna „VARINS LANDS“ varð næsta mikill, því að alls rituðu 55.522 atkvæðisbærir Íslendingar undir áðurgreinda áskorun til ríkisstjórnar og Alþingis.

Frá upphafi var lögð á það áhersla, að undirskriftalistar yrðu einungis afhentir ábyrgum aðilum, og var haldin skrá yfir viðtakendur listanna. Var því að söfnun undirskrifa lokinni unnt að rekja, hver hefði haft hvern lista undir höndum. Til að fyrirbyggja, að undirskriftir manna, er rituðu nöfn sín tvívegis, væru að lokum tvítaldar, var gerð tölvuskra eftir heimilisföngum. Komu þá fram 549 tvíritanir. Voru stimplaðar athugasemdir þar að lútandi á listana, og viðkomandi nöfn voru aðeins talin einu sinni við lokatalningu. Undirskriftir Reykvíkinga, Hafnfirðinga, Keflvíkinga, Akureyringa og Kópavogsbúa voru bornar saman við íbúaskrár og síðan voru settar athugasemdir við nöfn þeirra, sem ekki höfðu náð 20 ára aldri 1. marz 1974. Voru 448 nöfn felld niður við lokatalningu af þessu tilefni. Meiri hluti allra nafna á listunum var ennfremur borinn saman við nafnaskrá og kannað, hvort til væru menn með þeim nöfnum, sem á

listunum voru, á þeim stöðum, sem gefnir voru upp. Komu þá fram örfá fólks nöfn, sem strikuð voru út. Nokkrir tugir manna, sem bera nöfn af erlendum uppruna, rituðu á undirskriftalistana, en ekki var unnt að kanna til hlítar, hvort þeir höfðu allir öðlast íslenskan ríkisborgararétt.

Undirskriftalistarnir voru afhentir forsætisráðherra og forseta Sameinaðs Alþingis eins og boðað hafði verið við upphaf undirskriftanna. Fór afhendingin fram í Alþingishúsinu í síðari hluta marz. Dróst afhendingin nokkuð frá því, sem upphaflega hafði verið ákveðið, þar eð frágangur undirskriftalistanna reyndist tímafrekari en ætlað hafði verið.

Umrædd undirskriftasöfnun hafði eigi fyrr hafizt en hatröm blaðaskrif tóku að beinast að henni og forgöngumönnum hennar. Var það dagblaðið „Þjóðviljinn“, sem reið á vaðið og lét aðallega að sér kveða í þessu efni. Birtust í blaði þessu frá því um miðjan janúar og fram eftir marz mánuði fjölmargar greinar í ýmsu formi, er beindust að framtaki „VARINS LANDS“. Greinum þessum var það yfirleitt sameiginlegt, að í þeim var farið ærumeiðandi ummælum um undirskriftasöfnunina og aðstandendur hennar. Svo er og farið grein þeirri, sem stefnt er út af í máli þessu.“

Stefndi hefur mótmælt þessari málavaxtalýsingu sem rangri og ófullnægjandi. Hann segir í greinargerð:

„Forðast er að gera nokkra grein fyrir þeim aðstæðum, sem liggja að baki pólitískri framtakssemi stefnenda og kalla fram þau viðbrögð og ummæli, sem stefnt er út af.

Erlend herseta á Íslandi er ekkert smámál. Hin óhugnanlega staðreynd er sú, að þjóðin er klofin í tvær mjög andstæðar fylkingar í afstöðu sinni til hersetunnar. Ekkert umræðuefni á Íslandi hefur orðið eins mikið hitamál síðustu þrjá áratugina en tvíþýli þjóðarinnar við erlendan her í landinu, og ekki er útlit fyrir, að hinar hatrömmu deilur hjaðni á næstunni. Ekkert mál annað hefur valdið slagsmálum og götuóeirðum í Reykjavík á þessu tímabili og allir stjórnmálaforingjar og flestir forystumenn þjóðarinnar á öðrum sviðum hafa tjáð sig um málið opinberlega og það all harkalega oft á tíðum. Ljóst er, að deilumál þetta er þannig vaxið, að það gengur mönnum inn að hjarta, og hjá mörgum bera tilfinningarnar rökin ofurliði.

Á blaðamannafundi, sem stefndur o. fl. efndu til hinn 15. jan. 1974, tilgreindu þeir ástæðuna fyrir undirskriftasöfnuninni með þessum orðum: „Nú er innan og utan ríkisstjórnar Íslands

unnið af kappi að því að varnarliðið fari úr landi“ Með þessum yfirlýsingum taka stefnendur sér stöðu í fremstu víglínu í viðkvæmasta og hatrammasta deilumáli meðal Íslendinga, en láta svo í stefnu, sem þeim komi það á óvart, að þeir hljóta þar fyrir ámæli og lenda í hvirfilvindi pólitískrar orðasennu“.

III.

Röksemdir málsaðilja.

Að hálfu málsaðilja hefur verið leitast við að sýna fram á þær þjóðfélagslegu aðstæður, sem annars vegar leiddu til undirskriftasöfnunar stefnenda, en hins vegar andsvör stefnda og annarra þeirra, sem andvígir eru dvöl bandarísks herliðs hér á landi.

Í aðiljaskýrslu hér fyrir dóminum þann 23. maí sl. hefur einn stefnenda, prófessor Þór Vilhjálmsson, þetta að segja: „ Í fyrsta lagi vil ég minna á það, að sumarið 1971 var mynduð ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar. Þegar það var gert, var birtur stjórnarsáttmáli, og í honum sagði m. a., að það væri ágreiningur milli stjórnarflokkanna um afstöðuna til aðildar Íslands að Atlantshafsbandalaginu. En að óbreyttum aðstæðum skyldi þó núgildandi skipan haldast, en ríkisstjórnin myndi kappkosta að fylgjast sem best með þróun þeirra mála og endurmeta jafnan stöðu Íslands í samræmi við breyttar aðstæður. Litlu seinna segir í þessum sama stjórnarsáttmála: „Varnarsamningur við Bandaríkin skal tekinn til endurskoðunar eða uppsagnar í því skyni, að varnarliðið hverfi frá Íslandi í áföngum. Skal að því stefnt, að brottför liðsins eigi sér stað á kjörtímabilinu“. Á fyrstu starfsmánuðum þessarar ríkisstjórnar gerðist fremur lítið í varnarmálunum. Það var fyrst, að ég hyggt, veturinn 1972-1973 sem óbreyttum borgurum mátti bjóða í grun, að eitthvað myndi verða farið að gera til að framkvæma þessa stefnu ríkisstjórnarinnar. Það gerðist ýmislegt þann vetur. Það kom upp, að það var nokkur stigsmunur á því hvernig stjórnarflokkarnir vildu skilja varnarsamninginn. Það kom upp, að það var ágreiningur innan Framsóknarflokksins um rétta stefnu í þessu máli. Utanríkisráðherra Bandaríkjanna kom hingað þennan vetur, og það var frá því skýrt opinberlega, að við hann hefði verið rætt um þessi mál. Síðan gerðist það vorið 1973, að í samræmi við 7. gr. varnarsamningsins koma fram tilmæli um endurskoðun varnarsamningsins. En það var

heimilt, þegar 6 mánaða endurskoðunartímabili væri lokið, að segja samningnum upp með 12 mánaða fyrirvara. Þetta gat þess vegna verið fyrsta skrefið í þá átt að segja varnarsamningnum upp. Tilkynning um þetta efni var m. a., að ég hyggt, send Atlantshafsbandalaginu, og haustið 1973 kom framkvæmdastjóri þess, Luns, til Íslands til að ræða þessi mál. Eftir að hann var farinn eða í lok heimsóknar hans, var gefin út fréttatilkynning, þar sem skýrt var frá því, að íslenska ríkisstjórnin hefði látið í ljós áhyggjur vegna þess, hvernig Atlantshafsbandalagið hefði tekið á endurskoðunaróskum íslensku ríkisstjórnarinnar og jafnframt tekið fram, að framkvæmdastjóranum hefði verið gert ljóst, — þetta er endursögn mín á fréttatilkynningunni, sem ég hef ekki fyrir framan mig, — að þessi viðbrögð gætu leitt til breyttra viðhorfa Íslendinga gagnvart bandalaginu sjálfu. Og síðar þetta sama haust 1973 fóru fram viðræður við fulltrúa Bandaríkjastjórnar. Í þeim tók sjálfur utanríkisráðherra Íslands þátt að minnsta kosti oft, bæði vestan hafs og hér í Reykjavík. Það mátti þess vegna ætla, að það væri stefnt að uppsögn varnarsamningsins, slitum á samstarfi okkar við vestrænar þjóðir og brottför varnarliðsins. Það var skoðun mín, að til svo stórra aðgerða hefði ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar ekkert umboð frá þjóðinni. Sú skoðun byggðist á því, að í kosningunum 1971 hefði kjósendum ekki verið gerð grein fyrir því, að þessa stefnuskrátríðis mætti vænta, það var með öðrum orðum ekki að mínu áliti kosið um varnarmálin árið 1971. Það var því hvoru tveggja, að ég var efnislega andvígur því, sem virtist stefnt út í, og einnig hitt, að ég taldi að sú framkvæmd, sem íslensk stjórnvöld stóðu að, væri einnig að nokkru leyti í andstöðu við réttar lýðræðisreglur.“

Lögmaður stefnda hefur m. a. þetta að segja um almennar ástæður til umstefndra ummæla:

„A. Samkvæmt stjórnarskrá og grundvallarreglum íslenskra laga, hefur hver maður leyfi til þess að hafa skoðanir á pólitískum hugðarefnum og athöfnum annarra manna og láta þær í ljós opinberlega. Aldrei má með lögum eða dómsúrskurði skerða þetta skoðanafrelsi. Ekki er leyfilegt að teygja klær meidýrðalöggjafarinnar svo langt, að refsa manni fyrir að láta í ljós skoðanir sínar eða mat sitt á pólitískum aðgerðum annarra manna.“

Undirskriftasöfnun stefnenda undir beiðni til stjórnvalda um að láta nú ekki erlenda herinn fara, er pólitískt athæfi, sem

særir helgustu þjóðernistilfinningar mikils hluta þjóðarinnar og brýtur í bága við grundvallarskoðun hans um þjóðfrelsi. Þessar aðgerðir kalla á pólitísk viðbrögð og andsvör, jafnvel hjá fólki, sem er afskiptalítið um stjórnmál almennt. Stefnendur gátu ekki búist við öðru og máttu ekki gera ráð fyrir öðru.

Sýkna ber því umbjóðanda minn á þeim grundvelli, að honum er heimilt og rétt að berjast gegn áformum og aðgerðum hersetumanna, vara við þeim og útlista þær á allan hátt. Á bak við þetta pólitíska frelsi eru svo ríkir almenningshagsmunir, að smásmuguleg vernd ærunnar verður að vikja.

B. Sýknukrafa mín byggist einnig á því, að ummæli umbjóðanda míns eru viðhöfð í hita pólitískrar baráttu og eru réttlætanleg. Í ummælunum er ekki sveigt á niðrandi hátt að persónulegum eiginleikum einstakra þátttakenda, heldur aðeins áfellt, — tæpitungulaust, að vísu, — hið pólitíska atferli hópsins. Mun ég nú tína til nokkur réttlætningar atriði:

1. Undirskriftasöfnuninni var ætlað að hafa pólitísk áhrif á stjórnvöld með því að hún átti að sýna vilja eða skoðun þeirra, sem skrifuðu undir. Hvort tveggja er, að undirskriftasöfnun sem aðferð við skoðanakönnun er bæði ónothæf (af því að hún er óáriðanleg) og ólýðræðisleg. Gegn henni mæla sömu rök og lágu til grundvallar afnámi opinberra kosninga hérlandis og leiddu til þess, að upp voru teknar leynilegar atkvæðagreiðslur. Það eru því ekki meiðyrði, þótt undirskriftasöfnunin sem slík sé fordæmd harkalega. Ég bendi í þessu efni á greinar Sigurðar Línadal, prófessors og forseta Lagadeildar Háskóla Íslands, sem birtust í Vísi í marz 1974, og ég legg hér fram.

2. Framkvæmd undirskriftasöfnunarinnar hlaut mikið ámæli. Frá vinnustöðum komu opinberlega fram lýsingar á því, hvernig atvinnurekandi safnaði undirskriftum. Upplýsingar komu um þvílíkan ákafa undirskrifenda að ná sem hæstri tölu, að þeir skrifuðu tvisvar undir, en viðurkennt í stefnu, að slíkt hafi þurft að leiðrétta í hundruðum tilfella. Alvarlegri ásakanir komu fram um hreinar falsanir, þegar ákefðin rak menn til að falska nöfn annarra manna. Munu verða leidd vitni undir rekstri þessa máls til að upplýsa hinn virðulega dómara um vinnubrögðin.

Hin þungu ámælisorð vegna framkvæmdarinnar á undirskriftasöfnuninni verða ekki flokkuð undir refsiverð meiðyrði, þar sem ærin ástæða virðist hafa verið til að viðhafa þau.

3. Menn þóttust sjá tengsl milli Sjálfstæðisflokksins og undirskriftasöfnunarinnar og sjá þess greinilega merki, að sá flokkur

hefði spennt forráðamenn hennar, stefnendur þessa máls, fyrir áróðursvagn sinn. Fyrir þessa hluta sakir, urðu ummælin og ávirðingarnar harkalegri. Auðsæileg tengsl voru þarna á milli, sem áróðursmönnum Sjálfstæðisflokksins tókst ekki að halda leyndum í sveitastjórnar- og Alþingiskosningum þeim, sem fram fóru á árinu 1974, en hversu nán tengslin voru, verður reynt að upplýsa undir rekstri þessa máls. Lagt verður fram bréf frá Fulltrúaráði Sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík, sem fylgdi haglega gerðum límmiða með auðkennum og einkennisorðum stefnenda, VARIÐ LAND, og sent var til flokksfélaga með beiðni um að þeir á ólögmetan hátt límdu þessa miða á bifreiðir sínar á kjördegi. Ummæli, sem hér er stefnt út af, og fela í sér ásökun á hendur stefnendum um að þeir hafi gengið erinda Sjálfstæðisflokksins eru í alla staði réttlætanagerleg og því refsilaus með öllu.

— — —

5. Heimildarlaus meðferð stefnenda á undirskriftargögnum hefur í hinum umstefndu ummælum verið alvarlega fordæmd. Eftir dúk og disk játuðu stefnendur, að þeir hefðu afritað undirskriftargögnin og gert sér tölvuskra yfir undirskrifendur. Þessi dæmalausa afritun undirskriftanna er til þess fallin að vekja grunsemdir andstæðinga hersegunnar um samband stefnenda við Sjálfstæðisflokkinn og leynipjónustu Bandaríkjanna. Fyrir hvern var tölvuskraín gerð? Ekki fylgdi hún undirskriftargögnum til opinberra aðilja, og hvar er hún nú, eftir að verkefni stefnenda er lokið, og hópurinn ekki lengur til sem slíkur? Barnalegt er að reyna að slá ryki í augu fólks með þeim útskýringum, að tölvuskra hafi verið nauðsynleg til að finna tvíritanir og falsanir, svo sem sýnt mun fram á undir rekstri þessa máls . . . Af sjónarhóli persónufrelsis í nútímaþjóðfélagi er tölvuafritun þessara undirskriftagagna heimildarlaust trúnaðarbrot við þá, sem skrifuðu undir. Hún er trúnaðarbrot, þar sem ekkert var tilkynnt um hana í upphafi undirskriftasöfnunarinnar. . . .“

Ummælin.

Stefnendur hafa þetta að segja um ummælin sjálf:

„Um I. 1.

Stefnendur telja ummæli þessi meiðandi og móðgandi fyrir sig og að þau varði við 234. gr., en til vara 235. gr. laga nr. 19/1940.

Um I. 2.

Stefnendur telja þessi ummæli móðgandi og refsa beri fyrir þau samkvæmt 234. gr. laga nr. 19/1940.

Um I. 3.

Stefnendur telja þessi ummæli grófa rangtúlkun á tilgangi undirskrifa Varins lands, sem gerð var grein fyrir hér að framan. Telja þeir ummælin ærumeiðandi fyrir sig og beri að refsa fyrir þau samkvæmt 234. eða 235. gr. laga nr. 19/1940.

Um II. 1.

Stefnendur telja, að ummæli þessi séu móðgandi og niðrandi fyrir sig. Varðandi þá rangtúlkun á tilgangi undirskriftanna, sem felst í ummælum, vísast til I.3 hér að framan. Telja stefnendur ummæli þessi varða við 234. og 235. gr. laga nr. 19/1940.

Um II. 2.

Hér er því dróttað að stefnendum, að þeir hafi beitt fyrir sig börnum við söfnun undirskrifa. Þetta er alrangt. Svo sem gerð var grein fyrir hér að framan, var séð til þess, að einungis ábyrgir aðilar fengju undirskriftalista í hendur. Auk þessarar aðdróttunar eru ummæli þessi ærumeiðandi að öðru leyti vegna stóryrða og hrakyrða. Sérstaklega telja stefnendur „Watergate-víxillinn“ ærumeiðandi. Er þar greinilega verið að tengja undirskriftasöfnun Varins lands heimskunnu hneykslismáli, sem alllengi hefur verið ofarlega á baugi í Bandaríkjunum og oft er sagt frá í fjölmiðlum. Telja stefnendur, að ummæli þessi varði við 234. og 235. gr. laga nr. 19/1940.

Um II. 3.

Hér er því dróttað að stefnendum, að þeir hafi gengið um á meðal sjúklinga til að biðja um undirskriftir. Ummæli þessi eru alröng og ærumeiðandi fyrir stefnendur. Telja þeir ummælin varða við 234. eða 235. gr. laga nr. 19/1940.

Um II. 4.

Stefnendur telja þessi ummæli ærumeiðandi, sérstaklega þegar þau eru virt í samhengi við ummælin greind undir II.2 og 3 hér að framan. „Landvarnarmanna“ telja þeir sérstaklega meiðandi vegna þess, sem gefið er í skyn með því að nota orðið innan

tilvitnunarmerkja. Telja stefnendur hérgreind ummæli varða við 234. og 235. gr. laga nr. 19/1940.

Um III. 1.

Stefnendur telja þessa fyrirsögn mjög ærumeiðandi fyrir sig. Með henni er fullyrt, að þáttur í undirskriftasöfnun þeirri, er stefnendur beittu sér fyrir, hafi verið njósnastarfsemi, sem er alrangt. Telja stefnendur þetta mjög alvarlega aðdróttun, sem varði við 235. gr., en til vara 234. gr. laga nr. 19/1940.

Um III. 2.

Hér er enn verið að dylgja um persónunjósnir. Eini tilgangurinn með notkun tölvu var að tryggja, að undirskriftir yrðu eigi tvítaldar. Að öðru leyti vísast til III.1. hér að framan, m. a. um refsheimildir.

Um III. 3.

Hér er fullyrt um rangan tilgang tölvunotkunar. Telja stefnendur þessi ummæli ærumeiðandi og vísa til III. 1. um refsheimildir.

Um III. 4.

Hér er undirskriftasöfnun Varins lands tengd áður nefndu hneykslismáli, sem um ræðir undir II. 2 hér að framan. Telja stefnendur ummæli þessi ærumeiðandi og refsiverð samkvæmt 235. gr., en til vara 234. gr. laga nr. 19/1940.

Um III. 5.

Hér er undirskriftasöfnunin tengd íslenskum stjórnmalaflokkum á óviðeigandi hátt. Telja stefnendur ummæli þessi í heild ærumeiðandi fyrir sig og að þau varði við 234. og 235. gr. laga nr. 19/1940.

Um III. 6.

Stefnendur eru hér vændir um njósnastarfsemi með forgöngu sinni að umræddri undirskriftasöfnun. Auk þess eru þeir vændir um samráð og tengsl í því efni við aðila að heimskunnu hneykslismáli í Bandaríkjunum, sem drepist hefur verið á hér að framan. Telja stefnendur ummæli þessi mjög ærumeiðandi fyrir sig og að þau varði við 234. og 236., en til vara 235. gr. laga nr. 19/1940.

Um III. 7.

Stefnendur vísa til þess, er greinir undir III. 6 hér að framan. Ummælin eru mjög ærumeiðandi, og telja stefnendur þau varða við 234. og 236. gr., til vara 235. gr. laga nr. 19/1940.“

Stefnendur rökstyðja kröfu sína um miskabætur svo í greinargerð: „Ærumeiðingar í dagblöðum eru almennt fallnar til að valda þeim miska, er þær beinast að. Slikur tjáningarháttur í rituðu máli er flestum hvimleiður. Í umræddum blaðagreinum var veitst að stefnendum með ýmsum hrakyrðum vegna frumkvæðis þeirra um könnun á viðhorfi almennings á Íslandi til varnarmála landsins. Þessi skrif voru mjög fallin til að gera stefnendur tortryggilega í augum almennings. Full ástæða er til að taka hart á slíkum blaðaskrifum með því að dæma þeim, er að skrifunum standa refsingu, svo um muni, en þeim riflegar miskabætur, sem misgert er við. Hafa ber í huga, að umræddar greinar voru á meðal fjölmargra annarra, sem birtust í „Þjóðviljanum“, þannig að nærri liggur að álykta, að hér hafi verið um skipuleg ærumeiðandi skrif að ræða í garð stefnenda“.

Stefndi hefur þetta að segja um einstök ummæli, sem stefnt er út af:

„Ég hlýt fyrst að benda dómaranum á, að ummæli þau, sem hér er stefnt út af, eru slitin úr samhengi og því mjög erfitt að gera sér grein fyrir rökstuðningi stefnenda fyrir því, að ummælin séu meiðyrði og refsiverð.“

Um I. 1.

Hér eru tvö orð í fyrstu málsgrein blaðagreinarinnar tekin úr samhengi og stefnt fyrir þau, en ekki alla málsgreinina af þessum 12 manna hóp. Orðin, sem tínd eru út eiga alls ekki við hópinn, og ber að sýkna umbjóðanda minn af þessari kröfu, þegar af þeirri ástæðu. Síðar í greininni er greinilega gefið í skyn og með nafnbirtingu við hverja er átt, þegar talað er um fallkandidat og um bitlingameistara. Fallkandidatin er Unnar Stefánsson, frambjóðandi Alþýðuflokksins, og bitlingameistarin er Þór Vilhjálmsson prófessor.

Um I. 2.

Með því að orðið „mannvitsbrekka“ er samkvæmt réttum skilningi á íslensku máli hrósyrði, ber að sýkna umbjóðanda

minn af öllum refsikröfum fyrir að viðhafa þetta orð um stefnendur. Skiptir hér engu, þótt stefnendur hafi ekki betri skilning á orðinu en raun ber vitni.

Um I. 3.

Það fer vitaskuld ekki á milli mála, að áskorun stefnenda til íslenskra stjórnvalda fól í sér kröfu um að bandaríski herinn yrði látinn vera um kyrrt í landinu og að ríkisstjórnin hætti við yfirlýst áform sín, að láta herinn fara. Hvergi í áskoruninni er minnst á það einu orði, að tímasetja dvöl bandaríska hersins hér, eða binda dvöl hans við tiltekið ástand innan lands eða utan. Þar af leiðir að leyfilegt er að draga þá ályktun, eins og umbjóðandi minn gerir, að þeir vilji, að herinn sé hér ótímabundið, eða um aldur og ævi.

Um II. 1.

Orðið „ævarandi“ hefur ekki merkinguna óendanlega eða eilíft, heldur áframhaldandi eða samfelld. Með því að í áskorun á stjórnvöld, sem stefnendur stóðu að, er óskað eftir ótímabundinni og áframhaldandi dvöl erlends hers í landinu, eru ummæli þessi rétt í alla staði og refsilaus.

Um II. 2.

Um „Watergate-víxilinn“ ræði ég undir lið III. Hér er fundið að framkvæmd undirskriftasöfnunarinnar, og áталиð að börn hafi gengið um með lista þessa. Þótt stefnendur þessa máls segist ekki hafa afhent börnum listana til þess að ganga með í hús, er hitt engu að síður staðreynd, að fjölmargir aðilar hringdu á ritstjórnarskrifstofur Þjóðviljans og sögðu börn hlaupa með þessa lista milli íbúða í fjölbýlishúsum í Reykjavík til undirskriftar. Mönnum er rétt að átélja þessi vinnubrögð. Ef nokkur ber ábyrgð á þeim, eru það þeir, sem stóðu að undirskriftasöfnuninni og sáu um dreifingu á listunum. Ummæli þessi varða því ekki við lög.

Um II. 3.

Á ritstjórnarskrifstofu Þjóðviljans var hringt af Landspítalanum, og kvartað undan því, að verið væri að dreifa undirskriftargögnum meðal sjúklinga á spítalanum, og að þar lægju listar frammi á setustofu. Það hlýtur að vera frjálst að átélja þessi vinnubrögð, ef mönnum finnast þau ámælisverð. Slíkt

getur ekki verið refsivert á Íslandi. Hitt er svo annað mál, að mér sýnist ekkert vera við það athugandi, að sjúklingum jafnt og heilsuhraustum mönnum sé boðið að skrifa upp á svona undirskriftargögn, ef menn eru að bjóða slík plögg á annað borð. Sjúklingum er frjálst að hafa skoðun á þessu máli eins og hverjum öðrum, og ég sé ekki, að það sé meiðandi fyrir stefnendur þessa máls, þótt þeir hafi boðið sjúkum jafnt og heilbrigðum að skrifa undir áskorun sína.

Um II. 4.

Hér hnjóta stefnendur um orðið „landvarnarmenn“, og er það óþarfa viðkvæmi. Hér er verið að auðgreina þá, sem vilja hafa bandarískan her á Íslandi frá hinum, sem ekki vilja heyra það nefnt. Þetta er nánast lýsingarorð, og getur ekki talist refsivert.

Um III. 1.

Hér vilja stefnendur átelja ummælin í fyrirsögn greinarinnar „Mestu persónunjósnir, sem tíðkast hafa hérlandis.“ Ég mun undir rekstri þessa máls sýna fram á, að ummæli þessi eru réttlæt看leg og sönn í alla staði og þess vegna refsilaus. Vísa ég til B. 5. hér að framan.

Um III. 2.

Um þessi ummæli gilda sömu rök og undir lið III. 1.

Um III. 3.

Um þessi ummæli gilda sömu rök og undir liðum III. 1. og 2. hér að framan og verða þau einnig talin refsilaus.

Um III. 4.

Tilgangurinn með því að nefna undirskriftargögn VARINS LANDS „WATERGATE-víxil“, er alls ekki sá að kasta persónulegri rýrð á þá, sem söfnuðu uppáskriftum, né þá, sem ábektu, heldur er tilgangurinn auðvitað sá að minna almenning, sem boðið er að skrifa upp á plöggin, á þá *staðreynd*, að með því að gera það, er viðkomandi að óska eftir hersetu erlends herliðs, sem lýtur stjórn þess forseta Bandaríkjanna, sem staðinn er að glæpum svo stórum, að hann hefur nú um síðir hrökklast frá embætti með skömm. Að nefna Watergate í sambandi við bandaríska hersetu á Íslandi er að hafa uppi *varnaðarorð*, og er fráleitt að telja það refsivert.

Um III. 5.

Hér kvarta stefnendur undan því, að undirskriftasöfnunin sé tengd íslenskum stjórn málaflökkum á óviðeigandi hátt. Eins og sýnt mun verða fram á, undir rekstri þessa máls, eru ummæli þessi réttlæt看leg og refsilaus með öllu. Hér skal þess getið, að einn frambjóðandi Alþýðuflokksins, sem er einn stefnenda, hefur skýrt frá þessum tengslum opinberlega. Þau alvarlegu mál, sem eru gerð að umtalsefni í þessum ummælum, hljóta að setja svip sinn á þessi málaferli.

Um III. 6.

Með vísan til rökstuðnings hér að framan um tengsl undirskriftasöfnunarinnar við leyniþjónustu Bandaríkjanna, verða ummæli þessi talin réttlæt看leg og refsilaus.

Um III. 7.

Um þessi ummæli gilda sömu röksemdir og undir liðum III. 1–4. hér að framan.

Stefnukröfunum í máli þessu er mótmælt í heild. Þótt sum ummælanna yrðu dæmd dauð og ómerk, er fráleitt að dæma refsingu eða miskabætur.

Sérstaklega er mótmælt kröfunum um miskabætur, sem eru órökstuddar með öllu. Ekki verður séð, að hópurinn hafi orðið fyrir nokkrum miska og útilokað er að reikna út miskabótakröfu pro rata á 12 menn af 14 í hópnum, sbr. 46. gr. einkamálalaganna. Opinber ummæli eins úr hópnum, Jónatans Þórmondssonar prófessors, um að hann muni gefa tildæmdar miskabætur til góðgerðarstarfsemi í landinu, benda frekar til þess, að stefnendur séu að safna fé til að létta á samvisku sinni en að þeir hafi orðið fyrir miska, sem þeir þurfi að fá uppbættan með peningagreiðslum frá umbjóðanda mínum. Alls ekki er sannað, eða gert sennilegt, að hin átöldu ummæli hafi bakað stefnendum tjón.“

IV.

Yfirheyrslur.

Umfangsmiklar yfirheyrslur hafa farið fram í málinu. Umfangi þeirra hefur að nokkru ráðið, að hér er aðeins um að ræða eitt af mörgum málum, sem stefnendur hafa höfðað vegna fjölmæla út af undirskriftasöfnuninni, sem efnt var til undir kjör-

orðinu „Varið land“. Yfirheyrslurnar eða hluta þeirra má nota í öðrum þessara mála, og horfði því til verksparnaðar að fara ekki nákvæmlega eftir þeirri gullnu reglu að rannsaka aðeins það, sem beinlínis skiptir hér máli. Þá hefur umfang yfirheyrslunnanna að vonum ráðist af því, að stefndi hefur leitast við að finna ýmsum orðum sínum stað. Yfirheyrslur þessar hafa horft til mikils skýringarauka fyrir dóminn. Þrátt fyrir það þykir hér ekki nauðsynlegt að skýra frá nema litlu af efni þeirra og þeirra hjálparskjala, sem notast hefur verið við.

Nokkrir stefnenda hafa komið fyrir dóm, og hafa sumir þeirra m. a. nefnt dæmi þess, að þeir hafi orðið fyrir aðkasti vegna, að því er þeir telja, skrifa stefnda og annarra í Þjóðviljann. Hafa þeir m. a. nefnt sem dæmi mótmæli 152 aðilja við málssóknum þeirra á hendur blaðamönnum og rithöfundum vegna meintra meiðyrða. Skjal þetta liggur frammi í málinu sem réttarskjal nr. 9. Þá hafa þeir nefnt fleiri dæmi og lagt fram skjöl máli sínu til stuðnings. Svo er háttað dómsskj. 33., 34. og 38.

Stefnendur hafa lagt fram lýsingu á athugun þeirra á undirskriftum listanna. Lýsingin hljóðar svo:

„Athugun sú, sem hér verður lýst, var skipulögð og framkvæmd af forvígismönnum undirskriftasöfnunarinnar „Varið land“. Tilgangurinn var þríþættur: a) að kanna hvort þeir sem ritað höfðu nöfn sín á undirskriftalistana hefðu náð tilskildum aldri, b) að kanna hvort einhverjir hefðu ritað nafn sitt á fleiri en einn lista og c) að athuga hvort tilbúin (uppspunnin) nöfn myndu á listunum. Athugun þessi var lokapátturinn í kerfisbundinni viðleitni til að tryggja að niðurstöður undirskriftasöfnunarinnar yrðu sem áreiðanlegastar. Frá upphafi höfðu allir listar verið númeraðir. Þeir höfðu aðeins verið afhentir fullorðnu fólki og skráð í spjaldskrá hverjir hefðu fengið hvaða lista á hendur. Var þetta m. a. gert til þess að geta rakið feril hvers lista og fengið staðfestingu undirskrifta, ef reynt yrði að vefengja einhverja undirskriftina eftir á. Um leið og útfylltir listar bárust á skrifstofu Varins lands var ennfremur athugað hvort eitthvað óeðlilegt væri á þeim að sjá, t. d. fleira en eitt nafn með sömu eða svipaðri rithönd, og leiddi slíkt stundum til nánari eftirgrennslunar.

Lokaathugun sú, sem hér er til umræðu, skiptist í tvennt, *forvinnslu*, sem framkvæmd var með vél (tölvu) og *úrvinnslu*, sem framkvæmd var í höndunum. Skál þessum þáttum nú stuttlega lýst.

Forvinnslan.

1. Upplýsingarnar á undirskriftalistunum voru gataðar á spjöld. Á hvert spjald var gatað nafn eins undirskrifanda, heimilisfang hans (gata, götunúmer og sveitarfélag) og númerið á listanum, sem nafnið hafði verið skrifað á. Á spjaldinu mátti því finna allar upplýsingar, sem listinn sjálfur bar með sér, en aðrar ekki. Í stað þess að skrá sveitarfélag með bókstöfum á spjaldið var töluheiti þeirra notað, t. d. 0000 fyrir Reykjavík og 2500 fyrir Gullbringusýslu. Kerfi þetta er almennt notað við skýrslugerð og götun.
2. Tölva var notuð til að raða spjöldunum (spjaldupplýsingunum) eftir listanúmerum. Voru nöfnin og heimilisföngin prentuð út í þeirri röð og tölvan jafnframt látin telja nöfnin á hverjum lista. Þetta var gert til að ganga úr skugga um að ekkert nafn hefði fallið niður við götun. Nafnatalning tölvunnar var borin saman við talningu, sem gerð hafði verið „í höndunum“ jafnóðum og listarnir bárust.
3. Tölvan var látin raða spjöldunum eftir heimilisföngum. Voru nöfnin síðan prentuð út í þeirri röð. Þetta var gert til þess að vinnandi vegur væri að athuga þau þrjú atriði, sem nefnd voru í upphafi (a, b og c). (Sjá meðfylgjandi skýringardæmi um skrána).
4. Þar sem götunarvinnan var mjög umfangsmikil og nauðsynlegt að hraða henni eftir föngum, var óhjákvæmilegt að töluvert yrði um götunarvillur. Villurnar gátu stafað af því að nöfn væru illlæsileg, sveitarfélag óljóst, eða hreinlega stafvillur í götun. Þegar slíkt kom fram við úrvinnsluna (sjá neðar) var merkt við nafnið og leiðréttingarspjald gatað, ef villan var þess eðlis að máli skipti. Til þess að koma leiðréttingunni inn á réttan stað í tölvulistann var stuðst við hlaupandi númer sem tölvan hafði prentað við hverja línu í útskrift. (Númer þessi voru ekki tengd nöfnum undirskrifenda sem slíkum heldur aðeins stöðu nafnanna í viðkomandi útskrift. (1. lína í útskriftinni var merkt 1, 2. lína var merkt 2, o. s. frv.). Númer tiltekins nafns gat því breyst með hverri nýrri útskrift, eftir því sem nöfnum fjölgaði, og eins gátu ólík nöfn fengið sama númer, sitt í hverri útskriftinni).

Úrvinnslan.

Strax og prentaðar skrár (útskriftir) lágu fyrir, hófst hin eiginlega úrvinnsla, sem öll var handavinna:

1. Hinn prentaði nafnalisti var borinn saman við íbúaskrár. Í

íbúaskrá er nöfnum manna raðað eftir heimilisföngum og fæðingardagur skráður við hvert nafn. Ef í ljós kom að undirskrifandi hafði ekki náð tilskildum aldri, var athugasemd rituð við nafn hans á prentaða listanum (tölvuútskriftinni). Með því að setja merki á spássíu íbúaskráanna við þau nöfn, sem þegar höfðu verið athuguð, mátti strax sjá hvort undirskrift hafði komið fram áður. Ef sama nafn hafði birst áður, var athugasemd rituð við nafnið á prentaða listanum. Ef nafn fannst ekki í íbúaskrá (t. d. algengt um Vestmannaeyinga, sem nýlega höfðu flust búferlum) var reynt að kanna málið á annan hátt með því að fletta upp í símaskrá eða þjóðskrá. Verk þetta var unnið jafnóðum og tölvuútskriftir bárust.

2. Þegar allar undirskriftir sem tímanlega bárust, höfðu verið yfirfarnar eins og unnt reyndist, voru viðeigandi athugasemdir um aldur og tvíritanir færðar inn á frumgögnin (undirskriftalistana).
3. Niðurstöður undirskriftasöfnunarinnar voru birtar almenníngi með greinargerð. Í þeim tölum, sem birtar voru, voru ekki meðtalin nöfn þeirra, sem reynst höfðu undir tilskildum aldri og nöfn ekki tvítalin.“

Ofangreind lýsing er í samræmi við það, sem fram kom í aðiljaskýrslum og vitnisburðum Þorgerðar Sigurgeirsdóttur, en götunarþjónusta hennar sá um götun spjalda eftir undirskriftalistunum, og starfsmanna IBM, en þar fór tölvuvinnslan fram. Í aðiljayfirheyrslunum kom fram, að tvær útskriftir voru gerðar af tölvunni. Annað þessara eintaka var eyðilagt, en tölvuspóla og hitt eintakið er enn í vörslu aðstandenda „Varins lands“.

Hjálmtyr Guðmundsson, starfsmaður IBM, skýrði svo frá fyrir dóminum, að hann hefði gert nokkur forrit, sem notuð voru til að skrifa út gataspjöld og leiðréttar þær upplýsingar, sem fengust af undirskriftalistunum. Gatað hefði verið inn á spjöldin nafn, götuheiti, húsnúmer, númer á undirskriftalista og staðarnúmer, sem táknandi sýslu eða kaupstað. Þeir hjá IBM hafi síðan sett inn á tölvuspólurnar hlaupandi númer, svo koma mætti við leiðréttingum, annars hefði skráin verið óvinnsluhæf. Aðstandendur „Varins lands“ hefðu ekki verið búnir að gefa skráningunni númer, nema listanúmer. Engin nafnnúmer hefðu verið á skránum og því ekki hægt að vinna þessa skrá saman við þjóðskrá. Almennt séð væri ekki hægt að vinna saman tvær

skrár, nema þær hefðu samsvarandi númer. Einar Kvaran, starfsmaður IBM, hefur staðfest þessar upplýsingar.

Stefndi hefur komið fyrir dóminn, fyrst í þinghaldi 25. apríl sl., en síðar í þinghaldi 23. maí sl. Í fyrra þinghaldinu kom fram, að með orðinu „fallkandidatar“ á stefndi við stefnanda, Unnar Stefánsson, og annan af aðstandendum „Varins lands“, Hörð Einarsson. Mun hann höfða til þess, að þeir hafi einhvern tíman fallið í kosningum. Með orðinu „bitlingameistarar“ kvaðst hann eiga við stefnanda prófessor Þór Vilhjálmsson. Í þinghaldi 23. maí sl. kveðst hann vita til þess, að Þór sé prófessor við Háskóla Íslands og samkvæmt kjarasamningum og starfsmati sé svo litið á, að það sé fullt starf. Þór hafi þó tekið að sér ýmis auka-störf, þ. á m. að vera lögmaður Ríkisútvarpsins. Þá sitji hann í ýmsum nefndum og ráðum. Kvaðst stefndi telja öll þau störf bitlinga, sem hægt sé að sinna jafnframt fullu starfi.

Í þinghaldi 25. apríl sl. kveðst stefndi skilja orðið „mannvitsbrekka“ þannig, að það sé maður, sem hafi vit til þess að komast upp brattann í lífinu. Hann hafi notað þetta orð í jákvæðri merkingu.

Þá kom fram, að stefndi telur sig hafa heimildir fyrir greinunum í 17. tbl. og 39. tbl. Þjóðviljans 1974. Heimildirnar séu símtöl, sem hann hafi átt við fólk, sem hringt hafi á ritstjórnarskrifstofur Þjóðviljans til að koma að þar greindum upplýsingum. Hann sagði svo hátt að þeim upplýsingum, að ómálga börn væru send milli húsa með undirskriftaskjalið. Hann kvað engar heimildir fyrir því, að stefnendur hefðu gert slíkt, enda sé það ekki sagt í greininni. Hann kvaðst telja, að þeir, er stefnendur afhentu undirskriftalistana, hefðu gert þetta. Hann kvaðst vita til þess, að undirskriftalisti hafi gengið annað hvort á taugadeild Landspítalans eða Borgarspítalans og kvað það ámælisvert. Hann taldi mann, sem þar hefði haft lista undir höndum, vera einn þeirra, sem aðstandendur „Varins lands“ hefðu afhent lista.

Upplýsingar þær, sem fram koma í 39. tbl. Þjóðviljans, kvaðst hann telja fyrstu upplýsingarnar um það, að aðstandendur „Varins lands“ notuðu tölvu í sambandi við undirskriftasöfnunina. Þeir hefðu þá ekki verið búnir að skýra frá því opinberlega. Ályktanir þær, sem dregnar séu í greininni, séu heimildarmanns hans. Þá skýrði stefndi svo frá, að hann sjálfur hefði nokkrum sinnum reynt að ná sambandi við aðstandendur „Varins lands“ til að fá upplýsingar um söfnunina. Þeir hafi neitað að ræða við

hann. Hann minntist þess að hafa reynt að ræða við stefnanda Þorstein Sæmundsson strax í upphafi undirskriftasöfnunarinnar.

V.

Álit dómsins.

Aðild.

Stefnendum var kunnugt, að aðalstefndi var höfundur umstefndra ummæla. Hann hefur auðkennt sér greinarnar með upphafsstöfum sínum. Þá hefur hann gengist við ummælunum. Þar sem stefnendum var kunnugt, hver var höfundur umstefndra ummæla, þykir auðkenning greinanna með upphafsstöfum nægileg nafngreining í skilningi 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956, enda sætir það ekki ágreiningi málsaðilja. Aðalstefndi verður því talinn bera ábyrgð á umstefndum ummælum, og ábyrgð vara-stefnda kemur þannig ekki til greina.

Almennt.

Í 72. gr. stjórnarskrárinnar segir: „Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti; þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei í lög leiða“.

Í öllum meiðyrðamálum er það viðfangsefnið, hversu langt menn mega ganga í tjáningu sinni, án þess að þeir verði beittir þeim viðurlögum, sem hegningarlög mæla fyrir um. Við þetta mat verður að gæta ýmissa sjónarmiða, svo sem að opinberri umræðu séu ekki settar óþarfa skorður, upplýsingaskyldu og gagnrýnis skyldu fjölmiðla séu ekki sett of þröng mörk, eðli umræðunnar og hverjar tjáningarvenjur gilda um slíka umræðu. Þá verður að gæta þess, að umræðan sé málefnaleg og standist almennar velsæmiskröfur.

Allt frá því er Alþingi samþykkt, að Ísland gerðist aðili að Norður-Atlantshafssamningnum 30. mars 1949 og gerður var á grundvelli hans varnarsamningur við Bandaríkin 1951 (eins og segir í upphafi þess samnings), hefur þessi varnarsamningur verið eitt aðalátakamál íslenskra stjórn mála. Umræðan hefur oft verið óvæginn og á stundum fremur háð á tilfinninga- en málefna grundvelli. Mörg óviðurkvæmleg ummæli hafa fallið á báða bóga. Í þessari umræðu hafa ákveðin orð verið notuð um dvöl herliðsins, og er orðnotkunin oft lýsandi fyrir skoðun höfundar á dvöl herliðsins.

Aðstandendur „Varins lands“, sem sumir hverjir höfðu áður tekið þátt í stjórn málaátökum og látið til sín heyra á opinberum vettvangi, einmitt um dvöl bandaríska herliðsins á Keflavíkurlugvelli, hófu að safna undirskriftum um áframhaldandi dvöl liðsins að gefnu tilefni af aðgerðum ríkisstjórnarinnar, sem túlka mátti sem upphaf endurskoðunar samningsins um herdvölinna. Þeir máttu vita, að framtak þeirra hlyti ámæli andstæðinga herdvalarinnar.

Í máli þessu þykir ekki verða horft fram hjá áralangri umræðu um dvöl hersins, þeim aðstæðum, sem urðu stefnendum hvatning til undirskriftasöfnunarinnar, og að söfnunin setur aðstandendur hennar í sviðsljós opinberra stjórn málaátaka.

Þá ber þess að geta, að vestræn lýðræðisríki byggja stjórnskipun sína á þeim grunni, að gert sé út um stærri mál annað hvort af þingi, kjörnu leynilegri kosningu, eða með leynilegri þjóðaratkvæðagreiðslu. Undirskriftasafnanir hafa á síðari árum rutt sér mjög til rúms hérlandis og hafa reynst máttugt baráttutæki. Almennt verður þó að viðurkenna, að almennar undirskriftasafnanir séu yfirleitt í nokkurri andstöðu við þá meginreglu, sem lýst er hér að ofan, og hafi í sér fólgnar ýmsar hættur. Framkvæmd þeirra er oft til þess fallin að valda persónulegum óþægindum og árekstrum manna á meðal. Þótt annað sé ekki fram komið en stefnendur hafi reynt að vanda framkvæmd undirskriftasöfnunar sinnar, gefur það auga leið, að eftirlit þeirra með söfnuninni gat aldrei verið fullkomið og slík almenn undirskriftasöfnun í viðkvæmu deilumáli var sem slík fallin til að valda ófriði.

Þá er enn til þess að taka, að þegar um stjórn málaátök er að ræða sem hér, eru ummæli, enda þótt talin séu varða við hegningarlög, síður til þess fallin að meiða þann, sem þeim er beint að. Jafnvel má orða, að ummælin geti haft þveröfug áhrif.

Ofangreind sjónarmið þykja leiða til þess, að stefnendur verði, eins og hér stendur á, að þola harkalegri umræðu en venjulegt má teljast, án þess að það verði látið varða ummælanda ábyrgð. Stefnendur hafa látið að því liggja, að um skipuleg ærumeiðandi skrif um þá hafi verið að ræða, þar sem á sama tíma og greinar stefnda birtust í Þjóðviljanum, hafi þar birst fjöldi áþekkra greina. Þótt rétt sé, að á þessum tíma hafi birst margar greinar í Þjóðviljanum um undirskriftasöfnunina, þykir ósannað, að um skipulögð skrif hafi verið að ræða.

*Ummælin.***I.**

Ummæli í 15. tbl. Þjóðviljans, sem út kom 19. janúar 1974. Ummælin eru úr almennri áróðursgrein.

1. Hér er um að ræða ummæli, sem algeng eru í slíkri stjórnmálaumræðu. Þykja þau allskostar óþörf og óviðurkvæmileg, og ber því að ómerkja þau, sbr. 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940. Hins vegar þykja þau með tilliti til þess, sem greinir í almenna kaflanum hér að framan, ekki þess eðlis, að sekta eigi fyrir þau.
2. Af samhengi setningarinnar má ráða, að orðið mannvitsbrekka sé hér notað í háðungarskyni og á óviðurkvæmilegan hátt, og ber því að ómerkja ummælin, sbr. 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940. Hins vegar þykja ekki efni til að sekta fyrir ummælin.
3. Herlið Bandaríkjanna hefur þegar verið á Keflavíkurflugvelli frá árinu 1951. Hér er ekki um langan tíma að ræða í lífi þjóðar, en mælt við mannsævina er hér um umtalsverðan tíma að ræða. Stefndi hefur ekki fært sönnur á, að tilgangur stefnenda hafi verið sá, að þetta herlið verði hér um aldur og ævi, eins og segir í umstefndum ummælum, og texti undirskriftaskjalsins veitir ekki nægilegt tilefni til ummælanna. Hins vegar þykir allri umræðu um dvöl herliðsins vera settar af þröngar skorður, séu ummæli þessi látin varða við hegningarlög, sbr. það sem segir í almenna kaflanum hér að framan.

II.

Ummæli í 17. tbl. Þjóðviljans, sem út kom 22. janúar 1974. Ummælin eru í fréttagrein og kveðst stefndi hafa heimildir fyrir þeim.

1. Hér kemur í fyrsta lagi fram sú skoðun, að niðurlægjandi sé fyrir íslenskt fólk að standa fyrir undirskriftasöfnun um ævarandi hersetu í landinu. Hér að framan hefur verið komist að þeirri niðurstöðu, að heimildir skorti fyrir því, að sá hafi verið tilgangur undirskriftasöfnunarinnar. Hins vegar kemur fram í þessum ummælum þáttur þeirrar deilu, sem verið hefur um dvöl herliðsins, og þykir ekki, eins og þessari umræðu hefur verið háttað, fært að setja hér svo þröngar skorður, að ummælin séu látin varða við hegningarlög.

Síðari hluti málgreinarinnar verður ekki skilinn frá lið 2 hér á eftir.

2. Af samhenginu við næstu málgrein á undan verður þeirri hugsun ekki varist, að með tilvitnuðum ummælum sé átt við aðstandendur „Varins lands“. Með framlögðum vottorðum og vætti vitna þykir fram komið, að börn hafi verið send milli húsa með undirskriftaskjalið. Hins vegar skortir það alla stoð, að stefnendur hafi staðið fyrir slíku. Vegna umfangs undirskriftasöfnunarinnar verður að telja það hafa verið óframkvæmanlegt fyrir stefnendur að hafa eftirlit með því, að börn væru ekki send með skjalið, en fallast verður á það, að slíkt hafi ekki verið við hæfi, eins og á stóð. Aftur á móti þykir málgreinin stóryrtari en til efni var til, sbr. orðin ómálga, Watergate-víxill, svívirða, etja og niðurlægning, og þykir því skv. 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940 eiga að ómerkja ummælin, þótt ekki þyki, eins og hér stendur á og með hliðsjón af ofangreindum sjónarmiðum, eiga að refsa fyrir þessi ummæli. Um orðið „Watergate-víxill“ verður nánar fjallað hér á eftir.
3. Á það verður ekki fallist, að almennt séð geti það verið niðrandi að bjóða sjúklingi að rita undir skjal, en sé gengið á milli sjúklinga á sjúkrahúsi, er það fallið til að raska ró þeirra. Verður því að fallast á það með stefnendum, að séu ummælin skoðuð í heild, sé setningin niðrandi og óviðurkvæmileg og beri því, sbr. 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940 að ómerkja ummælin. Hins vegar þykir með tilvísun til þeirra sjónarmiða, sem talin eru í almenna kaflanum hér að framan, ekki eiga að refsa fyrir þau.
4. Uppsetning þessarar setningar er óviðurkvæmileg, og ber að ómerkja ummælin með tilvísun til 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940, en af sömu ástæðum og áður er um fjallað þykir ekki ástæða til að refsa fyrir þau.

III.

Ummæli í 39. tbl. Þjóðviljans frá 16. febrúar 1974.

Ummælin koma fram í fréttagrein, og kveðst stefndi hafa heimildarmann fyrir ummælunum. Hann hefur þó ekki tilgreint heimildarmann sinn. Um greinina í heild er það að segja, að enda þótt fram sé komið, að stefnendur hafi notað tölvu sér til aðstoðar við athugun og talningu á undirskriftalistunum, er það algerlega ósannað, að tölva hafi verið notuð í þeim tilgangi, sem

fréttagreinin vill vera láta. Má segja, að með skýringum stefnenda og vætti starfsmanna IBM og Þorgerðar Sigurgeirsdóttur sé fram komið, að nokkurra ranghugmynda hafi gætt í skrifum um tölvuvinnslu undirskriftalistanna og möguleika þá, sem voru til þeirrar vinnslu. Hins vegar gerði tölvan mögulegt að vinna upp skrár eftir undirskriftalistunum, sem hugsanlegt væri fyrir stjórnmalaflokk að hafa not af. Stefndi hefur þó ekki getað sýnt fram á, að sá hafi verið tilgangur stefnenda.

1. Undirskriftasafnanir eru til þess fallnar að kanna hugi fólks um ákveðið málefni. Ókunnugt er um yfirgripsmeiri undirskriftasöfnun hérlandis en þá, sem aðstandendur „Varins lands“ stóðu fyrir. Svo sem greinir í almennum athugasemdum hér að framan, þykja undirskriftasafnanir almennt bjóða heim nokkurri hættu á röskun á friði manna og að fólk verði fyrir ónæði. Hins vegar er hér allt of gróflega til orða tekið, og þykir eiga að ómerkja ummæli samkv. þessum lið, sbr. 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940, en með tilvísun til almennu athugasemdanna hér að framan þykir ekki eiga að refsa fyrir ummælin.
2. Það má til sanns vegar færa, að landsmenn hafi verið flokkaðir með tölvu af aðstandendum „Varins lands“, enda þótt réttara sé, að þeir hafi gert það með aðstoð tölvu. Setningin ein sér þykir ekki þannig vaxin, að ástæða sé til að heimfæra hana undir refsilagaþæði.
3. Stefndi þykir ekki hafa fært sönnur á, að hér sé rétt með farið, en ummælin samkv. þessum lið þykja þó ekki út af fyrir sig þannig vaxin, að ástæða sé til að heimfæra þau undir hegningarlagaákvæði.
4. Stefnendur hafa haldið því fram, að hér sé verið að tengja starfsemi „Varins lands“ alþekktu bandarísku hneykslismáli, Watergate-málinu svokallaða. Stefndi hefur aftur á móti haldið því fram, að með orðinu „Watergate-víxill“ sé verið að tengja dvöl herliðs Bandaríkjamanna við þetta mál, enda hafi það lotið stjórn þess forseta Bandaríkjanna, sem hrökklaðist frá völdum vegna þessa máls. Orð þetta hefur í áróðursskyni verið notað nokkuð almennt í ræðu og riti andstæðinga herðvalarinnar, og er strax þann 22. janúar 1974 notað af stefnda í fréttagrein. Virðist ekki efni til að taka það öðruvísi en sem almennt skammaryrði, og ber að ómerkja það sem slíkt, sbr. 1. mgr. 241. gr. laga 19/1940. Hins vegar þykir með tilvísun til röksemda þeirra,

- sem fram koma í almennum athugasemdum hér að framan, ekki eiga að refsa fyrir ummælin.
5. Stefndi hefur ekki fært sönnur að þessum ummælum. Þau þykja óviðurkvæmileg, og ber því að ómerkja þau, sbr. 1. mgr. 241. gr. laga 19/1940. Af sömu orsökum og taldar hafa verið um önnur ummæli hér að framan þykir ekki eiga að refsa fyrir ummælin.
 6. Fyrri hluti ummælanna, sem hér er stefnt út af, er sams konar og undir lið 1, og þykir á sama hátt og þar eiga að ómerkja ummælin, en ekki vera ástæða til að refsa fyrir þau. Síðari hluti setningarinnar er þannig fram settur, að tæpast má taka það, sem þar stendur, bókstaflega. Verður að telja þau ummæli, sem í þeim hluta felast, almennt skens, sem beri að ómerkja, sbr. 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940, en ummælin verði ekki talin það alvarlega meint, að refsa eigi fyrir þau, sbr. einnig þær almennu athugasemdir, sem taldar eru hér að framan.
 7. Um þennan lið gildir það sama og lið 1. hér að framan. Ómerkja ber því ummælin, en af þar greindum orsökum þykir ekki ástæða til að refsa fyrir þau.

Bótakrafa.

Ummæli þau, sem stefnt er út af, beinast að stefnendum sem aðstandendum Varins lands og þannig að athöfnum þeirra, sem telja verður til stjórnmalastarfsemi. Óþægindi þau, sem þeir hafa talið sig hafa orðið fyrir, eru þess eðlis, að erfitt er að ákveða, hvort þau eru tilkomin vegna skrifa stefnda eða almennt af stjórnmalastarfsemi þeirra. Af þessum ástæðum og annars með hliðsjón af því, sem segir í almennum athugasemdum hér að framan, þykir stefnendum ekki verða dæmdar bætur í máli þessu.

Með tilvísun til þeirra röksemda, sem greinir í almennum athugasemdum hér að framan, þykja ekki efni til að taka til greina kröfu stefnenda um kr. 25.000 til þess að standast kostnað af birtingu dóms samkv. 2. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940. Hins vegar þykir rétt að taka þá kröfu þeirra til greina, að stefndi sjái um, að birtar verði forsendur og niðurlag dóms þessa í 1. eða 2. tbl. Þjóðviljans, sem út kemur eftir lögbirtingu dómsins, sbr. 22. gr. laga nr. 57/1956.

Eftir úrslitum málsins þykir rétt, að stefndi greiði stefnendum óskipt kr. 80.000 í málskostnað, er þá tekið tillit til þess, að

stefnendur hafa höfðað fleiri mál vegna ummæla, sem sprottin eru af undirskriftasöfnun þeirra, og vinnan í þessu máli sparar mikla vinnu í hinum málunum.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ummæli stefnda, Úlfars Þormóðssonar, sem birtust í 15., 17. og 39. tbl. Þjóðviljans 1974 og upp eru talin í stefnu undir liðum I. 1 og 2, II. 2, 3 og 4 og III. 1, 4, 5, 6 og 7, skulu vera dauð og ómerk.

Stefnda, Úlfari Þormóðssyni, skal skylt að sjá um, að forsendur og niðurlag dóms þessa sé birt í 1. eða 2. tbl. Þjóðviljans, sem út kemur eftir lögbirtingu dóms þessa.

Stefndi, Úlfar Þormóðsson, skal greiða stefnendum, Bjarna Helgasyni, Birni Stefánssyni, Hreggviði Jónssyni, Jónatan Þórmundssyni, Ólafi Ingólfssyni, Stefáni Skarpheðinssyni, Unnari Stefánssyni, Þorsteini Sæmundssyni, Þorvaldi Búasyni, Þór Vilhjálmsyni, Ragnari Ingimarssyni og Valdimar J. Magnússyni, kr. 80.000 óskipt í málskostnað — allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 20. apríl 1977.

Nr. 3/1975. M

(Kristinn Einarsson hrl.)
gegn

K

(Vilhjálmur Þórhallsson hrl.).

Barnsfaðernismál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.